

25. maí 2011



### **Ályktun um tannlækningar fyrir börn og ungmenni**

Miðstjórn ASÍ skorar á velferðarráðherra að tryggja nú þegar að öll börn og ungmenni hér á landi hafi aðgang að tannheilbrigðisþjónustu óháð efnahag og búsetu fjölskyldna. Velferðakerfið á ekki að byggja á sértækum lausnum fyrir afmarkað hópa heldur treysta almennt fjárhagslegt og félagslegt öryggi allra. Okkur ber að tryggja tannheilbrigði barna og ungmenna líkt og annað heilbrigði og því er eðlilegt og sjálfsagt að tannlækningar fyrir þennan hóp séu hluti af almennri heilbrigðisþjónustu og kostnaðarpátttaka sjúkratrygginga í samræmi við það.